

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Vaðholt 2, L219744, skipting á byggingarreit.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Vaðholts 2, L219744, í landi Ormsstaða. Í breytingunni felst að byggingarreit, merktur B í núverandi skipulagi og er ætlaður fyrir útihús, verði skipt í tvennt, þ.e. byggingarreit B og C. Á reit B verður heimilt að reisa allt að 250 fm íbúðarhús og á reit C verður heimilt að reisa allt að 400 fm útihús, s.s. gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. nóvember 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 19. desember 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 9. janúar 2026